

Mál nr. 283/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um uppgjör bóta vegna slyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 16. apríl 2015 mun M hafa dottið fram fyrir sig á heimili sínu og skolið í gólfð. Í fyrirbyggjandi örorkumati, dags. 10. ágúst 2016, sem unnið er af lækni, sérfræðingi í bæklunarskurðlækningum og mati á líkamstjóni, segir að hún hafi rotast og sneiðmynd af höfði hafi sýnt brot á höfuðkúpu og blæðingu í heila vinstra megin. Eftir slysið hafi hún legið á sjúkrahúsi í um tvær vikur. Í samantektar- og álitiskafla örorkumatsins kemur fram að þær kvartanir sem M hafi og hún kveður tengjast slysinu eru skerðing á lyktar- og bragðskyni, trufluð sjón, trufluð heyrn, höfuðverkir, gleymni og verkur í kjálkaliðum auk þess sem hún hafi þurft nýjar tennur og sterkari gleraugu. Að teknu tilliti til sjúkdómseinkenna sem M bjó við fyrir slysið, svo sem í höfði, hálsi, nefi og koki, var varanleg læknisfræðileg örorka af völdum slyssins metin 8%.

Samkvæmt tjónskvittun, dags. 16. ágúst 2016, voru M greiddar 291.200 krónur í bætur vegna slyssins. M er ósátt við uppgjórið og samkvæmt því sem fram kemur í málskoti má helst ráða að hún telji bæturnar ekki endurspegla það líkamstjón sem hún telur sig hafa orðið fyrir við slysið. V kveður bæturnar ákveðnar á grundvelli fyrirbyggjandi örorkumats og í samræmi við ákvæði í skilmálum sem um vátrygginguna gilda.

Álit.

Þegar litið er til ákvæða í skilmálum frítímaslysátryggingarinnar, svo sem 29. gr. um verðbreytingar á vátryggingarfjárhæðum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá upphafsdegi vátryggingartímabils til uppgjördags, svo og ákvæða 21. gr. sem lúta að lækun vátryggingarfjárhæðar um 10% vegna aldurs M á slysdegi og 50% skerðingar á metinni örorku þegar hún er metin lægri en 15%, er ekki efni til að gera athugasemdir við útreikning bótanna. Enda má segja að óánægja M með uppgjórið beinist fremur að niðurstöðu örorkumatsins en útreikningi bótafjárhæðarinnar. Öðrum sönnunargögnum um varanlegar afleiðingar af völdum slyssins en fyrrgreindu örorkumati er ekki til að dreifa í málinu. Eins og málið liggur fyrir átti V ekki annan kost en leggja umrætt örorkumat til grundvallar við ákvörðun bótanna. Telji M að örorka hennar af völdum slyssins sé meiri en niðurstaða fyrirbyggjandi mats kveður á um verður hún að fá því mati hnekk með nýju mati, svo sem með matsgerð dómkvaddra matsmanna, og freista þess þannig að sýna fram á að varanleg læknisfræðileg örorka sé meiri en fyrirbyggjandi mat gefur til kynna. Slíkt mat liggur ekki fyrir í málinu og hefur því ekki verið sýnt fram á að hún eigi rétt til frekari bóta úr slysátryggingunni hjá V en hún hefur þegar fengið.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr frítímaslysátryggingu hjá V.

Reykjavík, 11. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.